

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir eyðingu meindýra

1. Gildissvið og ábyrgð

- 1.1. Starfsleyfi þetta er gildir fyrir eyðingu meindýra, til aflífunar á músum, rottum og hryggleysingjum með útrýmingarefnum, þegar þess er óskað af viðskiptavinum eða lögaðilum.
- 1.2. Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða eyðingu meindýra gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.3. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem gilda um starfsemina sé fylgt, sem og kröfum heilbrigðiseftirlits.

2. Almenn skilyrði

- 2.1. Allir sem vinna við eyðingu meindýra skulu hafa leyfi frá Umhverfisstofnun til að stunda eyðingu meindýra í atvinnuskyni.
- 2.2. Meindýraeyðir skal framvísa gildu leyfisskírteini útgefnu af Umhverfisstofnun, þegar þess er óskað af viðskiptavinum og eftirlitsaðilum.
- 2.3. Óheimilt er að endurselja útrýmingarefni eða láta þau af hendi með öðrum hætti, nema að hafa til þess tilskilin söluleyfi frá umhverfisráðuneyti.
- 2.4. Öll dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti í samræmi við lög um dýravernd nr 15/1994 og reglugerð nr 499/1997 um dýrahald í atvinnuskyni, m/ síðari breytingum.

3. Meðferð eiturefna og hættulegra efna

- 3.1 Við útrýmingu meindýra skal einungis nota útrýmingarefni sem eru skráð til þess.
- 3.2 Útrýmingarefni skulu vera í viðurkenndum umbúðum og merkt samkvæmt reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 50/1984. Íslenskar öryggisleiðbeiningar með efnunum skulu vera aðgengilegar.
- 3.3 Meindýraeyðum ber að fylgja notkunarleiðbeiningum fyrir þau útrýmingarefni sem þeir nota.
- 3.4 Gæta skal fyllsta öryggis við flutning eiturefna og hættulegra efna. Efni skulu vera í lokuðum hirslum og skulu vera geymd þannig að börn eða dýr nái ekki til. Meindýraeyðir skal ávallt gæta ýtrustu varúðar við störf sín og tryggja að útrýmingarefni valdi ekki tjóni á mönnum, dýrum, umhverfi, né berist í matvæli eða fóður.

4. Umhverfis og fyrirbyggjandi öryggisákvæði

- 4.1 Áður en hafist er handa um útrýmingu meindýra, skal meindýraeyðir kynna sér aðstæður og meta þörf á notkun útrýmingarefna. Ef vafi leikur á hvers kyns meindýr er um að ræða skal leita úrskurðar sérfræðinga t.d. Á Rannsóknastofnun Háskóla Íslands, Keldum eða Náttúrufræðistofnun.
- 4.2 Dreifing útrýmingarefna í beitu skal vera með þeim hætti að enginn komist í það utan mýs eða rottur. Sérstaklega skal huga að hættu fyrir börn, óvita, húsdýr eða önnur villt dýr og að efnið berist ekki í matvæli eða fóður.

- 4.3 Ef umbúðir rofna og eiturog eða hættuleg efni berast út í umhverfið skal tilkynna Neyðarlínu um óhappið án tafar. Meindýraeyðir skal hafa við höndina nauðsynlegan neyðarbúnað, hanska, skolvatn, ísogsefni, ílát til vara, o.fl. og kunna að nota hann ef slys ber að höndum.
- 4.4 Safna skal saman, án tafa, spilliefnum, eiturefnum og beitum sem eftir verða og ekki nýtast og farga þeim á viðurkenndan hátt, í samræmi við leiðbeiningar á merkimiða umbúða.
- 4.5 Notuðum umbúðum skal fargað í samræmi við reglur sem skráðar eru á merkimiða.
- 4.6 Dýrahæjum og lífrænum úrgangi skal fargað í samræmi við viðeigandi lög og reglur.

5. Skýrslugerð og viðurlög

- 5.1. Meindýraeyði ber skv. reglugerð um eyðingu meindýra, að gera skýrslu um unnin verk á eyðublöðum frá Umhverfisstofnun eða öðru viðurkenndu formi. Skýrslu skal meindýraeyðir afhenda verkbeiðanda, afrit skal senda heilbrigðiseftirliti í viðkomandi sveitarfélagi innan mánaðar en varðveita eitt sjálfur.
- 5.2. Brot á ákvæðum starfsleyfis getur varðað sviptingu starfsleyfis. Með brot á starfsleyfi og málsmeðferð skv. því skal fara skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lögum um eiturefni nr. 52/1988 og reglugerðum settum skv. þeim. Með brot á gildandi lögum og reglugerðum skal farið að hætti opinberra mála.